

**From:** Erna María Jensdóttir

**Sent:** mánudagur, 7. september 2020 09:20

**Subject:** Efni þessa bréfs varðar Hverfanefndir/Hverfaráð í sveitarfélaginu.

Góðan daginn!

Um nokkurt skeið hafa fræðimenn við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands unnið í Evrópsku rannsóknasamstarfi sem fjallar um lýðræði á sveitarstjórnarstiginu. Gengur verkefnið undir heitinu *Local-State Society Relations*. Rannsökuð eru tengsl sveitarfélaga við borgara sína í gegnum nefndir á vegum sveitarfélags þar sem borgararnir taka þátt. Hér á Íslandi beinist rannsóknin að þrennskönar formlegum tengslum: Skólaráðum grunnskóla, og Hverfaráðum/Hverfanefndum.

Fram undan í verkefninu er leggja spurningalista fyrir þátttakendur í þessum nefndum og ráðum. Meiningin er að gera netkönnun meðal allra fulltrúa sem sitja í Hverfaráðum-/nefndum á Íslandi. Að rannsókninni standa þau Grétar Þór Eypórsson prófessor við Háskólann á Akureyri ([gretar@unak.is](mailto:gretar@unak.is)) og Eva Marín Hlynisdóttir dósent við Háskóla Íslands ([evamarin@hi.is](mailto:evamarin@hi.is)).

Erindi okkar með þessu bréfi er að falast eftir því að okkur verði látin í té netföng allra sem sitja í slíkum ráðum-/nefndum í þínu sveitarfélagi til þess að geta sent þeim könnunina. Það myndi hjálpa okkur mjög við rannsóknina ef þetta væri hægt. Við viljum taka skýrt fram að ekki verður safnað persónugreinanlegum gögnum. Ekki verður því hægt að rekja svör einstaklinga til þeirra.

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd verkefnisins,  
Erna María Jensdóttir verkefnisstjóri við Háskólann á Akureyri

